

## ÁLYKTUN FRÁ LÆKNARÁÐI LANDSPÍTALANS UM SÍMENNTUN SÉRFRÆÐILÆKNA Á LANDSPÍTALA

Landspítalinn hefur á undanförnum árum unnið mikilvægt starf hvað varðar endurskoðun og skipulagningu sérnáms á spítalanum þó enn sé langt í land. Hins vegar hefur lítil áhersla verið lögð á símenntun sérfræðilækna við Landspítalann.

Læknisfræði er grein sem er í stöðugri framþróun enda hefur þekkingu á mörgum sviðum lífvísinda og læknisfræði fleygt fram á undanförnum áratugum. Þessi hraða framþróun þekkingar hefur haft jákvæð áhrif á gæði þjónustu og bætt batahorfur umtalsvert á mörgum sviðum læknisfræðinnar. Á hinn bóginn veldur þessi hraða þekkingarþróun aukinni þörf á símenntun lækna. Læknar þurfa sífellt að halda sinni þekkingu við og bæta við sig nýrri þekkingu.

Læknaráð hvetur stjórn Landspítalans til þess að efla símenntun lækna á spítalanum með markvissum aðgerðum. Landspítalinn getur komið að símenntun með margvíslegum hætti. Landspítalinn hefur til dæmis sett á fót hermisetur í Ármúla sem hægt væri að nýta enn betur til þjálfunar í ýmsum hagnýtum inngrípum og vinnuferlum. Mikilvægt er læknar spítalans fái tækifæri til þess að miðla hver öðrum af sinni sérþekkingu og þannig nýta þann mikla mannauð sem er til staðar. Forsendan er að spítalinn styðji við slík námskeið og geri læknum kleift bæði að sinna kennslu og að sækja fræðslu. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að þjálfun og fræðsla sé í samræmi við þarfir og væntingar starfandi lækna.

Læknaráð hvetur landlækni og stjórnendur Landspítalans til þess að skilgreina, skipuleggja og fylgja eftir kröfum um símenntun lækna á Landspítala líkt og víða í nágrannalöndum okkar.

22. júní 2018